

Mosfellsbær  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbær

Vestmannaeyjum 12. desember 2018  
UST201812-052/P.V.B.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Álafoss í Varmá**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Mosfellsbæjar, dagsett 10. desember, um leyfi til framkvæmda innan náttúruvættisins Álafoss.

Álafoss er friðlýst sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 461/2013. Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan marka náttúruvættisins eru óheimilar nema með leyfi Umhverfisstofnunar og Mosfellsbæjar.

#### **Lýsing verkefnis:**

Um er að ræða lagfæringar við skólplögn sem bakkarof hefur mokað jarðveg af og er staðsetning sýnd á korti sem fylgdi með umsókn. Við framkvæmdina verður notast við gröfu en unnið verður útfra göngustíg sem liggur að svæðinu sem skemmdin er á. Ráðgert er að framkvæmdin fari fram um leið og leyfi fæst fyrir framkvæmdinni.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki til þess fallið að rýra verndargildi svæðisins. Er því ætlað að hindra frekari skemmdir á skólplögninni, en ef hún skemmist er hætta á mengunarslysi í Varmá.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir lagfæringum á skólplögninni innan náttúruvættisins Álafoss að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Vinsamlega hafðu þetta bréf meðferðis á meðan verkefninu stendur.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Þar sem þarf að fara út fyrir vegi eða göngustíga skal það tryggt að umgangur sé ekki líklegur til að valda gróðurskemmdum.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga að verkefni loknu.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Öllu raski við verkefnið verði haldið í lágmarki.

- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

***Eftirlit:***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

*Hildur Vésteinsdóttir*

Hildur Vésteinsdóttir  
Sviðsstjóri

*Þórdís V. Bragadóttir*

Þórdís Vilhelmlína Bragadóttir  
Sérfræðingur